



EF ÞU KENNIR VERKJA Í BAKI
þóttu eða þig svimar, eða nírur
eru í ólagi, þá takið inn GIN PILLS.
Þær munu gera þér gott.
Verð 50c.

National Drug & Chemical Co.
of Canada, Limited, Toronto, Can.
(41).

sanni neitt að kristlærdómurinn forni sé ekki lengur aðgreiningarefni Unitara og annara kirkjudeilda þó bent sé á sameiningu meðal þeirra og kirkjuflokka er fyrir mannsaldri síðan stóðu á öndverðum með við þá, í því efni, eða til dæmis sameiningu Harvards guðfræðisskólans og guðfræðisskólans í Andover. Hvaða sterkari sönnun honum væri hægt að bjóða fáum vér ekki skilið, og verður því þessi neitun hans að skoðast eingöngu sem ráðaleysi hans, og hið litla nei hans harla létt á metum móti öllum þunga þeirra staðreynda.

Með þessum fáu orðum er þá grein hans athuguð, hversu honum hefir tekist að þvo sig hreinan, geta lesendurnir bezt dæmt um, en það er grunur vor, að það sannist, sem hann sjálfur segir í niðurlagi greinar sinnar, "að það sem hann álitur heimsku hjá séra R. P. muni halda velli þegar víddómur hans er farinn veg allrar veraldar."

R. P.

"Prælaf" eða hvað?

Hr. ritstjóri!

Eg hefi lengi hugsað mér, að senda "Heimskringlu" fáeinar línur, til að votta blaðinu—en einkum þó fráfaraða ritstjóra, Stefáni Einarssyni—mitt innilegasta þakklæti fyrir umsgagnir hans í blaðinu um málefni bænda. Stefán Einarsson á tvímælalæst þann heiður, að vera fyrsti og einasti ritstjóri Vestur-Íslendinga, sem fylgst hefir með og ritað um félagskap og málefni bænda af heilbrigðu viti. Fylli hinn nýi ritstjóri sess Stefáns á því sviði, er vel að verið. Við bændurnir óskum þess og vonum það, okkur til dægrastýttar, en mjög virðist nú sem stígi á stúf í hinu fyrsta blaði.

Naumast þarf að furða sig á, þó þáttaka vestur-íslenskra blaða í landsmálum fari mjög þverrandi, á síðari árum, sést sárafátt af því tagi, jafnvel um kosningar, orsökun vafalaust sú, að íslenskan hefir rýmt þann sess, að vera lykkl að fræðslu skrá þeirra mála fyrir fjöldann af lesendum, er það framfaravottur hjá landanum, sem borgara, en um leið eitt af uppdráttar einkennum tungunnar sem lifandi máls í þessu landi.

Eitt af þeim stórmálum, eða hreyfingum, sem mér virðist blöðin hafa gefið helzt til lítinn gaum í síðustu tíð, er stofnun hveitisamlagsins (Wheat Pool organization). Hér er þó efallaust í aðsigi hin stórkostlegasta bylting alþýðunnar af einni stétt, sem heimurinn hefir þekkt—án blóðsúthellingar, og náð ráð og hugsjónir hinna beztu manna innan hreyfingar þessarar, fram að ganga, verður árangur fyrirtækisins tæplega metinn að fullu, á vogir menningar eða fjármuna.

Eg tel vist, að íslenskir hveiti

HEIMSINS BEZTA MUNNTÖBAK COPENHAGEN

Hefir góðan keim
Munntóbak sem endist vel

Hjá öllum tóbakssölum.

bændur yfirleitt, hafi alla reiðu kynnt sér hreyfingu þessa svo að ekki sé þörf að hreyfa þá hlöð málsins, þar sem frumherji hreyfingarinnar, samvinnufræðingurinn Aron Sapiro, hefir nýskeið farið sigurför um Vestur-fylkin, til að hvetja menn og fræða í þessu efni, og ensku dagblöðin flest flutt megin mál þess fróðleiks, sem hann hefir haft fram að bera. Tilgangur minn með þessum línum er því af þjóðernislegum metnaði runninn, þeim metnaði, sem þráir að sjá landann æfinlega skipa sér í fylkingarbrjóst til lögs og styrktar öllum þeim, málefnum, sem miða áfram og uppvið, til annarra þjóðþrifa og menningar.

Erindi mitt er því við ykkur, íslensku hveiti-bændur, að einni stétt, sem heimurinn hefir þekkt—án blóðsúthellingar, og náð ráð og hugsjónir hinna beztu manna innan hreyfingar þessarar, fram að ganga, verður árangur fyrirtækisins tæplega metinn að fullu, á vogir menningar eða fjármuna.

Hvað heimtar samningurinn af ykkur? Hann heimtar, að þið sviðið ekki bræður yðar í trygðum, og heimilar réttvísinni að hegna þeim einstakling, sem gerir það—liðhlauparanum, sem fyrir fáa silfurpeninga lætur freistast til að selja lausnara sinn í hendur illræðismanna. Samningurinn er að eins nauðsyn vegna þess, að til eru í nútíð Júdasar líkar, sem virðast hafa tapað því manndómseðli að hengja sjálfa sig. Enginn heiðarlegur maður þarf að óttast slíkan samning, þó reyndla allra fremstu menningarþjóða hafi sýnt, að slíkt samningsband sé nauðsynleg grundvallar trygging fyrir öllum samvinnustofnum.

Þið ekki eftir því landar-góðir, að sjá hvort ofaná verður, réttarkrafa kúgaðrar stéttar, eða hefðarvald eiginirni og fjárglæfra, — gripið hið máttugasta vopn er mannkynið þekkir—pennann—og undirskriftið samninginn, hann er hið öruggasta virki er við þekkið um, horum grandar ekkert nema í eigin svik, þið hafið engu að tapa en mikið til vonar. Varist að ganga í flokk þeirra mannkyns-úrþvættar, er liggja í felum meðan orustan stendur, en rena náinn um næstur, krefjast síðan herfangs, hvor hliðin sem sigrar. Verið trúir synir dygðugra fæðra, er móttu drengskapinn meir en lifið, og frelsið meir en allan auð. Munið einnig, að stöðug vöktun er verðkaup frelsisins, og—sveltur sitjandi kráka—og ekki sízt, lærið að skilja og meta hin alkuðu sannindi—
"Sundraðir föllum vér, sameinadri stöndum vér".

Greiðið götu þeirra manna, sem kosnir hafa verið til að safna undirskriftum á samninginn. Látið þá ekki þurfa að elta ykkur, þágan er ykkar jafnt sem okkar, þín sem þeirra. Sparið ykkar eigið fé með því

að spara, þeim ómak og kostnað. Leitist við að upplýsa þá, sem fáfróðir eru. Kappkostið að fræðast sjálfir, um meginatriði og sögu samvinnuhugsjónarinnar af hinum ábyggilegustu heimildum, og þér munuð sannfærast um, að hún er ekki aðeins bróðurleg sjálfbjargar hugsjón, heldur innifelur í sér þungamiðju kristindómsins. Samvinnu hugsjónin er sannkristin hugsjón.

Gerðið það að lýgi, að þið lifið "þrælalífi" í frjálsu nægta landi, sýnið í verkinu, að andinn sé þó að nafninu frjáls, með því, að undirskrifa Wheat Pool Contract, og sjáið um að skjólin komist í skilvisar mannahendur.

Áður en eg slæ botn í þetta, vil eg leyfa mér að skora á alla þá menn—ef nokkrir eru—sem af sannfæring eru mótfallnir þessari fyrirhuguðu hveitisamlagsstofnun, að færa fram í blöðunum óþinskátt eina einustu rökrétta ástæðu fyrir því, að hver einasti hveitifræðsluandi sé ekki siðferðislega skyldur til að ljá fyrirtækinu lið sitt með undirskrift sinni, eg mun reyna að svara ef eg má, það er bjargföst sannfæring mín að sú ástæða sé ekki til, nema í fáfræði og breyskleika mannanna.

Að svo mæltu vil eg með samhygðar kveðju til allra stéttarbræðra minna, endurtaka að, — samvinnuhugsjónin er sannkristin hugsjón.

Kandahar, Sask.

J. A. Reykdal.

Matvinnunga-málið.

Herra ritstjóri!
Aðeins örfá orð til þess, í blygðum míns andlitis, að játa fyrir S. V. þá yfirsjón mína, að hafa jafnað verðmæti akuryrkjuframleiðslunnar í sléttufylkjunum á árinu 1922 niður á alla fylkisbúa í stað þess að jafna því niður á fúatölu sveitalýsins—"Rural Population" í tóðum fylkjum, sem taldist á því ári að vera 1,252, 405 manns. Þegar þeirri tölu er deilt í peningaverð allrar búnaðar framleiðslunnar í sléttufylkjunum, þá verður einstaklings hluturinn \$870.00 eða kr. 6,700. Eg sætti mig við að leggja það undir óbrjálaða dómgreind lesendanna hvort þessi upphæð á hvern einstakling sveitalýðsins má ekki álitast nægilega stór til þess að réttlæta þá staðhæfing, að sveitalýðurinn hafi verið matvinnungur — og miklu meira en það á nefndu ári. Yfir skuldir einstaklinga eru engar stjórnskrýslur til í nokkru landi í heimi, og hafa aldrei verið til svo mér sé kunnugt. Eg get því ekki satt fróðleiksfýsn S. V. í því efni.

Tala búlanda, sem unnið var á í Sléttufylkjunum á árinu 1922 var 225,657 og jafnað því afurðarmagnið á því ári upp í rúmlega 44,000 krónur á hvert búland í tóðum fylkjum.

B. L. Baldwinsson.

Nafnspjöld

Dr. M. B. Halldorson
401 Boyd Bldg.
Skrifstofusími: A 3674.
Stundar sérstaklega lungnasjúkdóma.
Er að finna á skrifstofu kl. 11—13 f. h. og 3—6 e. h.
Heimili: 46 Alloway Ave.
Talsími: Sh. 2168.

HEALTH RESTORED
Lækningar án lyfja
Dr. S. G. Simpson N.D., D.O. D.C.
Chronic Diseases
Phone: N 7208
Suite 207 Somerset Bldg.
WINNIPEG, — MAN.

Talsími: A 3600
Dr. J. G. Snidal
TANNLÆKNIR
614 Somerset Block
Portage Ave. WINNIPEG.

DR. C. H. VROMAN
Tannlæknir
Tennur yðar dregnar eða lagad á allra kvala
Talsími A 4171
505 Boyd Bldg. Winnipeg

J. J. SWANSON & CO.
Talsími A 6340.
808 Paris Building, Winnipeg.
Eldabýrgðarumboðsmenn
Selja og annast fasteignir, úvega peningalán o. s. frv.

ARNI G. EGGERTSON
Íslenskur lögfræðingur
hefir heimild til þess að flytja mál bæði í Manitoba og Saskatchewan
Skrifstofa: Wynyard, Sask.

Talsímar: N 6215 og A 7127
Bonnar, Hollands & Philp,
lögfræðingar.

5034 Electric Railway Chambers
WINNIPEG

BETRI GLERAUGU GEFA SKARPARI SJÓN

KELLER AND STALL
Augnlæknar.
204 ENDERTON BUILDING
Portage and Ha. grave. — A 6645

DR. B. H. OLSON
216-220 Medical Arts Bldg.
Cor. Graham and Kennedy Sts.
Phone: A 7067
Viðtalstími: 11—12 og 1—5:30
Heimili: 723 Alverstone St.
WINNIPEG, MAN.

Dr. A. Blöndal
818 SOMERSET BLDG.
Talsími N 6410
Stundar sérstaklega kvensjúkdóma og barna-sjúkdóma. Að hitta kl. 10—12 f. h. og 3—5 e. h.
Heimili: 806 Victor St
Sími A 8180

Dr. J. Stefánsson
216 MEDICAL ARTS BLDG.
Horn Kennedy og Graham.
Stundar eiginlega augna-, eyrna-, nef- og hverks-sjúkdóma.
Að hitta frá kl. 11 til 12 f. h. og kl. 3 til 5 e. h.
Talsími A 3221.
Heimili 373 River Ave. P. 3001

Talsími: A 1834
DR. J. OLSON
Tannlæknir
Cor. Graham & Kennedy St.
216 Medical Arts Bldg.
Heimasími: B 4894
WINNIPEG — MAN.

THE ARROW SERVICE
Við flytjum tólk og varning hvert sem er
ÓDRAFT
í borginni. — Reynið okkur.
Sími dag og nótt: J 5700
Vist á hjúkuttimann, eða eftir samningum.
Horn Arlington og Manitoba
J. T. ráðamaður.

Dr. P. E. LaFlèche
Tannlæknir
908 BOYD BUILDING
Portage Ave., Winnipeg
PHONE A 2145
Móttökutímar:
Frá kl. 9 f. h. til kl. 5 e. h.
Á kvöldin kl. 7—9:
Þriðjudögum, Miðvikudögum og Fimmtudögum
Á laugardögum síðdegis eftir samkomulagi.

DR. VALENTINE,
sérfræðingur
í fótaveiki, tilkynnir hér með að sig sé nú að hitta í
Public Service Shoe Store
347 Portage Ave., Winnipeg.

Daintry's Drug Store
Meðala sérfræðingur.
"Vörugæði og fljót afgreiðsla"
eru einkunnaorð vor.
Horn Sargent og Lipton.
Phone: Sherb. 1166.

Arni Anderson E. P. Garland
GARLAND & ANDERSON
LÖGFRÆÐINGAR
Phone: A-2197
401 Electric Railway Chambers
A Arborg 1. og 3. þriðjudag h. m.

H. J. Palmason.
Chartered Accountant
307 Confederation Life Bldg.
Phone: A 1173.
Audits, Accounting and Income Tax Service.

A. S. BARDAL
selur líklistur og annast um dæfar. Allur útbúnaður á bestu. Ennfremur selur hann allskonar minnisvarða og legasteina.
843 SHERBROOKE ST.
Phone: N 6607 WINNIPEG

W. J. Lindal J. H. Lindal
B. Stefánsson
Íslenskir lögfræðingar
3 Home Investment Building,
(468 Main St.)
Talsími A 4963

Þeir hafa einnig skrifstofur að
Lundar, Riverton, Gimli og Piney og
eru þar að hitta á eirfyllgjandi
tímum:

Lundar: Annan hvern miðvikudag.
Riverton: Fyrsta fimtugdag í hverjum mánuði.
Gimli: Fyrsta Miðvikudag hvers mánaðar.
Piney: Þriðja föstudag í mánuði hverjum.

ABYGGILEG LJÖS OG AFLGJAFI

VER ABYRGJUMST YÐUR VARAN-
LEGA OG ÖSLITNA
ÞJONUSTU

Vér æskjum virðingarfyllt viðskifta, jafnt fyrir VERKSMÍÐJUR sem HEIMILL. Tals. N 4670 CONTRACT DEPT. Umboðsmaður vor er reiðubúinn að finna yður að máli

Winnipeg Electric Railway Co.
A. W. McLmont, Gen'l Manager.

KOLI! - - KOL!

HREINASTA og BESTA TEGUND KOLA.
bæði til HEIMANOTKUNAR og fyrir STORHÝSI.
Allur flutningur með BIFREIÐ.

Empire Coal Co. Limited
Sími: N 6357—6358. 603 Electric Ry. Bldg.

Nýjar vörubirgðir

Timbur, Fjalvörur af öllum tegundum, geirættur og allkonar aðrir strikaðir tígjar, hurðir og gluggar.
Komið og sjáið vörur. Verðum etíð fæst að sýna.
Þó ekkert sé keypt.

The Empire Sash & Door Co.
Limited

HENRY AVE. EAST

WINNIPEG